

Alþingi - Atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020  
UST202011-206/R.K.  
04.03

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kjötrækt, 97. mál.**

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 18. nóvember 2020 þar sem atvinnuveganefnd sendi Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um kjötrækt, 97. mál til umsagnar.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að tillagan felst að kanna stöðu kjötræktar og skipuleggja aðgerðaáætlun um innleiðingu tækni fyrir íslenskan landbúnað með það að markmiði að flýta fyrir því að kjötrækt verði samkeppnishæf við afurðir af hefðbundinni veiði eða ræktun dýra til manneldis.

Kjötrækt er aðferð til þess að búa til kjöt án þess að slátra þurfi dýri þar sem þeir vefir sem nýttir eru til matar eru ræktaðir með líftækni (e. cultured meat). Markmið þingsályktunartillögunnar er að flýta fyrir því að kjötrækt verði samkeppnishæf við afurðir af hefðbundinni veiði eða ræktun dýra til manneldis á Íslandi.

Ritrýnd grein<sup>1</sup>, sem vísað er í í þingsályktunartillögunni, ályktar að kjötrækt af þessu tagi muni hafa í för með sér mun minni umhverfisáhrif en hefðbundin kjötframleiðsla, sérstaklega m.t.t. landnotkunar, vatnsnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda. Orkunotkun er áætluð nær sú sama og í alisvínaræktun og því talsverð. Stofnunin tekur fram að enn gætir óvissu í niðurstöðum rannsókna um ávinning kjötræktar og því frekari rannsókna þörf. Umhverfisstofnun telur að Ísland sé vel í stakk búið til að leiða rannsóknir og þróun á þessu sviði á alþjóðavettvangi þar sem orkuframleiðsla hérlendis, með vatnsafla og jarðvarma, losar lítið magn gróðurhúsalofttegunda borið saman við orkuframleiðslu með bruna jarðefnaeldsneyta.

Með vísan til framangreinds telur Umhverfisstofnun til bóta að málefni þingsályktunarinnar fái efnislega meðferð í þingnefnd.

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

Hlín Gísladóttir  
lögfræðingur

---

<sup>1</sup> Hanna L. Tuomisto og M. Joost Teixeira de Mattos Environmental Science & Technology 2011 45 (14), 6117-6123 DOI: 10.1021/es200130u